

7. Sen, Jón, nemi, Reykjavík, fæddur 9. febr. 1924, í Kína. 73
 8. Torgilstveit, Martin Hansen, járnsmiður, Reykjavík, fæddur 19. febr. 1905, í 30. des.
 Noregi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

74

30. des.

um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938,
 um bændaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita
 bændafnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skól-
 inn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji í Skál-
 holti í Biskupstungum.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

2. málsg. sérákvæða um bændaskóla Suðurlands falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

75

20. des.

um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

1. gr.

Framan við 1. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, er verði 1. og 2. gr., svo hljóðandi
 (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (1. gr.) Til hafnargerðar á Akureyri veitist úr ríkissjóði $\frac{1}{3}$ kostnaðar, eftir
 áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum,

- 75 allt að kr. 1500000 — einni og hálfri milljón króna — gegn $\frac{2}{3}$ hlutum frá hafnarsjóði Akureyrarkaupstaðar.
20. des. b. (2. gr.) Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 3000000 — þriggja milljóna króna — lán, er hafnarsjóður Akureyrarkaupstaðar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs.
- Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

76
20. des.

L Ö G

um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið heldur uppi heimavistar-skóla, er hefur það hlutverk að veita konum fræðslu til að verða vel menntar hjúkrunarkonur, Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

2. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur á hendi fjárreiður skólans. Að öðru leyti annast stjórn skólans undir yfirstjórn ráðherra fimm manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, yfirhjúkrunarkona Landsspítalans og þrír aðrir, er ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, annan samkvæmt tillögu þeirra sjúkrahúsa, annarra en Landsspítalans, þar sem nemendur skólans eru að jafnaði vistaðir til verklegs náms, og hinn þriðja, er sé sérfróður um skóla- og uppeldismál.

3. gr.

Forstöðu skólans hefur á hendi sérmenntuð skólastýra, er ráðherra skipar samkvæmt tillögum skólanefndar. Laun hennar skal ákveða í launalögum. Aðal-kennarar skólans, auk skólastýru, skulu vera yfirhjúkrunarkona og aðalaðstoðarlæknar Landsspítalans, og skulu stöður þessar skipaðar og launaðar með tilliti til þess.

Til aukakennslu ræður skólanefnd kennara eftir þörfum að fenginni heimild ráðherra til að greiða kennslukaupið.

4. gr.

Námstími skólans er þrjú ár, auk 8—12 vikna forskóla, og skal eigi síðar en að honum loknum skorið úr því, hvort nemandi teljist hæfur til að hefja hjúkrunarnám. Eigi síðar en eftir 6 mánaða reynslutíma skal skorið úr því af skólanefnd eftir tillögum skólastýru, hvort nemandi er hæfur til að halda námi áfram.